



FYRIR

OKKUR

ÖLL



FRAMSÓKN

# FYRIR OKKUR ÖLL



Fram undan er ögurstund í íslensku samfélagi. Efnahagskerfið er hrunið, fjöldi atvinnulausra nálgast 20 þúsund og fjöldi heimila og fyrirtækja á í miklum greiðsluferfiðleikum. Framsóknarflokkurinn gengur til þingkosninga með hugmyndir og lausnir til að leiða okkur út úr kreppunni. Lausnir sem snúast um að auka lýðræði og réttlæti, tryggja hag heimila og fyrirtækja í landinu, standa vörð um íslenska velferðarkerfið, og byggja upp betra Ísland. Í þágu allra Íslendinga, fyrir okkur öll.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
Formaður Framsóknarflokksins

# ENDUR REISN HEIMILA OG FYRIR TÆKJA

FYRIR  
OKKUR  
ÖLL

Við þurfum að skjóta styrkum stoðum undir efnahag þjóðarinnar. Lausnirnar verða að vera varanlegar, skapa stöðugleika, tryggja öflugt atvinnulíf og einstaklingum og fjölskyldum örugga þjónustu.

## VIÐ VILJUM

... að vextir verði lækkaðir sem allra fyrst.

... að höfuðstóll húsnæðislána og lána fyrirtækja verði lækkaður um 20%, með hugsanlegu hámarki, og afskriftir erlendra kröfuhafa renni þannig til íslenskra skuldara.

... grípa til sérstakra ráðstafana með greiðsluaðlögun í tilvikum þeirra skuldara sem enn verða í vanda.

... koma gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar í varanlega höfn og afnema gjaldeyrishöft sem fyrst með samningum við erlenda krónueigendur og íslenska lífeyrissjóði.

... koma rekstri bankanna í eðlilegt horf, semja um aðkomu kröfuhafa að þeim og selja hlut í þeim þegar skapast hefur markaður með hlutabréf. Hið opinbera haldi eftir eignarhlut í bönkunum.

... koma höndum á óskattlagðar eignir íslenskra auðmanna erlendis.

... blása lífi í fjárfestingar á hlutabréfa- og fasteignamarkaði með aðgerðum eins og afnámi stimpilgjalda, breytingum á lánareglum Íbúðalánasjóðs og skattaafslætti vegna hlutabréfakaupa.

... að rannsókn á orsökum efnahagshrunsins og ábyrgð á því verði unnin af krafti og skilvirkni.

... að Þjóðhagsstofnun verði endurreist og veiti óháða ráðgjöf í efnahagsmálum.

... að eftirlitsstofnanir fjármálalífsins verði öflugar og þeim gert betur kleift að fylgja ákvörðunum sínum eftir.

... efla menntun í landinu á öllum skólastigum, enda er menntun sá grunnur sem framtíðarhagvöxtur þjóðarinnar byggir á. Þjóða þarf upp á lánshæft sumarnám á háskólastigi.

Framsóknarflokkurinn aðhyllist samráð og samvinnu við úrlausn efnahagsmála. Hann var í fararbroddi við gerð þjóðarsáttarinnar á sínum tíma þar sem þjóðin tókst á við efnahagskreppu með aðferðafræði samvinnunnar að leiðarljósi.

UPP

BYGGING

ATVINNU

LÍFS

INS

FYRIR  
OKKUR  
ÖLL

Við þurfum að auka atvinnu með öllum til-  
tækum ráðum um allt land. Fyrirtæki verða að  
fá að dafna við heilbrigð og eðlileg rekstrar-  
skilyrði. Þannig minnkum við atvinnuleysi og  
tryggjum hag heimilanna.

## VIÐ VILJUM

... fara í sérstakt átak til að bæta samgöngur og fjarskipti.  
Flýta þarf mannaflsfrækum framkvæmdum.

... að fyrirtækjum sé veittur skattaafsláttur vegna rannsókna-  
og þróunarstarfs og að sjóðir sem styðja við tækniþróun og  
nýsköpun verði stórefldir.

... bæta rekstrarumhverfi minni fyrirtækja, fjölskyldurekstrar  
og einyrkja.

... nýta náttúruauðlindir í anda sjálfbærrar þróunar og efla  
grunnrannsóknir á íslenskri náttúru. Byggt verði áfram á  
skynsamlegri nýtingu vatns- og jarðhitaorku og rannsóknir  
á djúpbörnum studdar enn frekar.

... vinna áfram að útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu  
á olíu og gasi á íslensku yfirráðasvæði.

... efla og hlúa að matvælaframleiðslu þjóðarinnar í land-  
búnaði og sjávarútvegi sem bæði skapa gjaldeyrstekjur  
og spara gjaldeyri. Fæðuöryggi er Íslendingum brýnt  
hagsmunamál.

... kynna landið allt til eflingar ferðaþjónustu, með áherslu  
á það sem íslenskt er: Náttúru, matarhefðir, menningu og  
mannlíf. Ímynd landsins byggi á hreinleika, öryggi, góðri  
þjónustu og feegurð þess.

... að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á  
grundvelli samningsumboðs frá Alþingi sem tryggi hagsmuni  
almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs  
og landbúnaðar líkt og kveðið er á um í skilyrðum síðasta  
flokksþings framsóknarmanna. Viðræðuferlið á að vera  
opið og lýðræðislegt og leiði viðræðurnar til samnings  
skal íslenska þjóðin taka afstöðu til aðildarsamnings í  
þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu.

Framsóknarflokkurinn skilur mikilvægi atvinnulífsins.  
Öflugt atvinnulíf skapar þjóðinni tekjur enda verða  
erlendar skuldir ekki greiddar með hærri sköttum,  
heldur aukinni framleiðslu og gjaldeyrstekjum.  
Það er sannfæring framsóknarmanna að brýnasta  
velferðarmál þjóðarinnar hverju sinni sé að allir  
Íslendingar hafi atvinnu.

# LÝÐ RÆÐI OG RÉTT LÆTI

FYRIR  
OKKUR  
ÖLL

Íslendingar þurfa að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá. Stjórnarskrá sem tryggir sjálfstæði Alþingis og setur framkvæmdavaldinu skorður.

## VIÐ VILJUM

... að ný og nútímaleg stjórnarskrá verði samin af stjórnlagabíngi þar sem eiga sæti þjóðkjörnir fulltrúar.

... að aðskilnaður löggjafar- og framkvæmdavalds sé skerptur til muna. Ráðherrar gegni ekki þingmennsku.

... að heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslu verði auknar og oftar leitað beint til þjóðarinnar.

... að fjölmiðlar séu fjölbreytilegir, ritstjórnir þeirra sjálfstæðar og eignarhald gagnsætt.

... að stjórnvöld hlusti á gagnrýni, beri virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og leiti faglegra lausna, samvinnu og ráðgjafar – innlendirar og erlendirar – í álitamálum.

... að mannréttindi verði ætíð í hávegum höfð og þess gætt að allir þegnar geti haldið reisn sinni í gegnum þá erfiðleika sem að þjóðinni steðja. Fólk á ekki að þurfa að sæta harðneskju yfirvalda vegna fjárhagsvandræða eða sitja fast í skuldafangelsi um árabíl vegna skorts á aðstoð og aðgerðum.

Framsóknarflokkurinn er lýðræðisflokkur. Kosningarnar 25. apríl eru haldnar að frumkvæði Framsóknarflokksins eftir ríka og skiljanlega kröfu almennings þar um.

# VEL FERÐ FÓLKS OG HEIM ILA FYRIR OKKUR ÖLL

Velferðarkerfið hefur sjaldan verið þjóðinni jafnmikilvægt og nú. Að sama skapi er ljóst að mjög verður að velferðarkerfinu sótt á komandi árum. Íslendingar þurfa að standa vörð um velferðina með ráðum og dáð.

## VIÐ VILJUM

... að sparnaður í velferðarkerfinu einkennist af samráði, fagmennsku og eins mikilli sátt og mögulegt er. Þess skal gætt í hvívetna að skert þjónusta vegna sparnaðar verði ekki varanleg eða óbætanlegt tjón verði unnið á grunneiningum kerfisins.

... að mótuð verði velferðarstefna Íslands. Sú stefna taki mið af fyrirsjáanlegum breytingum í aldurssamsetningu þjóðarinnar og hafi að leiðarljósi að standa vörð um kjör þeirra sem minna mega sín á samdráttartímum.

... hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að ná betra jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs.


... tryggja stöðu Íbúðalánasjóðs til frambúðar og heimila sjóðnum að fara í samstarf við aðrar fjármálastofnanir.

... efla stoðkerfi heilbrigðiskerfisins til að tryggja sem besta nýtingu fjármuna með uppbyggingu einnar rafrænnar sjúkraskrár og með innleiðingu rafrænna apóteka á sjúkrahúsum.

... auka og bæta göngudeildaþjónustu spítalanna og færa þær nær heilsugæslunni, auka samvinnu sjúkrahúsa og heilsugæslu, bæði við bráðamóttöku og eftir meðferð.

... standa vörð um möguleika eldri borgara til að afla sér hóflegra tekna án þess að bætur þeirra skerðist.

Framsóknarflokkurinn er frjálsslyndur velferðarflokkur. Hann hefur staðið vörð um Íbúðalánasjóð, eftt réttindi samkynhneigðra, talað máli innflytjenda og stuðlað að róttækum umbótum á fæðingarorlofi í þágu beggja foreldra, svo fátt eitt sé nefnt.



Frekari tillögur í efnahagsmálum, nánari útfærslur á kosningastefnuskrá, ásamt ályktunum flokksþings Framsóknarflokksins er að finna á **[www.framsokn.is](http://www.framsokn.is)**.